

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 325/2023**

**frá 8. desember 2023**

**um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálaþjónusta)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“),  
einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1288 frá 6. apríl 2022 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2088 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina atriði er varða efni og framsetningu upplýsinganna í tengslum við meginregluna um að „valda ekki verulegu tjóni“, tilgreina efni, aðferðafræði og framsetningu upplýsinganna í tengslum við sjálfbærnivísa og neikvæð áhrif á sjálfbærni og efni og framsetningu upplýsinganna í tengslum við eflingu umhverfislegra eða félagslegra eiginleika og sjálfbær fjárfestingarmarkmið í skjölum áður en samningur er gerður, á vefsíðum og í reglubundnum skýrslum <sup>(1)</sup>, sbt. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 332, 27.12.2022, bls. 1.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/363 frá 31. október 2022 um breytingu og leiðréttingu á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2022/1288 að því er varðar efni og framsetningu upplýsinganna í tengslum við upplýsingagjöf í skjölum áður en samningur er gerður og reglubundnum skýrslum fyrir fjármálaafurðir sem fjárfesta í umhverfislega sjálfbærri atvinnustarfsemi <sup>(2)</sup>.
- 3) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 31o (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2088) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„31oa. **32022 R 1288**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1288 frá 6. apríl 2022 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2088 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina atriði er varða efni og framsetningu upplýsinganna í

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 196, 25.7.2022, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 50, 17.2.2023, bls. 3.

tengslum við meginregluna um að „valda ekki verulegu tjóni“, tilgreina efni, aðferðafræði og framsetningu upplýsinganna í tengslum við sjálfbærnivísa og neikvæð áhrif á sjálfbærni og efni og framsetningu upplýsinganna í tengslum við eflingu umhverfislegra eða félagslegra eiginleika og sjálfbær fjárfestingarmarkmið í skjölum áður en samningur er gerður, á vefsíðum og í reglubundnum skýrslum (Stjtið. ESB L 196, 25.7.2022, bls. 1), sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 332, 27.12.2022, bls. 1, breytt með:

- **32023 R 0363**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/363 frá 31. október 2022 (Stjtið. ESB L 50, 17.2.2023, bls. 3).“

2. gr.

Texti framseldra reglugerða (ESB) 2022/1288, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 332, 27.12.2022, bls. 1 og (ESB) 2023/363, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. desember 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. desember 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Pascal Schafhauser***

*formaður*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.